

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Reykjanesfólkvangur (RF) 2013.

Skýrsla landvarðar.



Ljósmynd :Ómar Smári Ármannsson

Landvörður hóf formlega störf þann 15/4 í kjölfarið hófst yfirferð yfir svæðið og hreinsun .

Daglega voru farnar vettvangsferðir til þess að meta ástand og huga að verkefnum sumarsins.

Snjólaust var með öllu og frost í jörðu fram undir miðjan maí, um hverja helgi var talsverð umferð á svæðinu og margt um manninn í Seltúni á góðviðrisdögum.

Seltún í Krýsuvík er að venju sá staður sem langflestir gestir heimsækja , það er því við hæfi að hefja yfirferðina þar ; Illviðrasamt var framan af maí og frosthörkur, vinna við að tengja og opna wc hófst 13. og tókst að opna þann 15. með dyggri aðstoð Ragnars Jónssonar verkstjóra og félögum hans frá vatnsveitu Hafnarfjarðar, var opið 24/7 til 7. október en þá gerði mikið frost og fraus í lögninni og var því sjálfhætt og wc lokað og gengið frá fyrir veturinn en til stóð að hafa opið til 15. október.

Húsin eru nú búin að standa í 4 ár og hafa nýst ákaflega vel, skálinn þjónar landverði og þeim hópum sem koma til vinnu á svæðinu t.d UST, aðstaðan er góð svo langt sem hún nær, aðkallandi er orðið að fullgera þessa aðstöðu, leggja vatn, tengja hita og útbúa w.c.

WC þarfnast orðið endurbóta, mikið álag er á þessi tvö wc og þarf að endurnýja gólf, hurðir og lagnir. Fyrir næsta sumar þarf að taka upp þróna og endurgera siturlögn (drenið). Í tengslum við þá framkvæmd væri hægt að bæta við tveimur wc í sama húsi þ.e.a.s þar sem vaskar eru á bakhlið . Einnig væri hægt að útbúa losun fyrir húsbíla með litlum tilkostnaði.

Nú er unnið að gerð deiliskipulags fyrir Seltún og fór undirritaður með landslagsarkitektum frá Landmótun um svæðið og leiðsagði, æskilegt væri að mögulegar tillögur að framkvæmdum færu saman með endurbótum á húsum.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík



Ljósmynd :Ómar Smári Ármannson

Viðvera landvarðar í Seltúni er að jafnaði 3-4 tímar á dag en tekur þó mið af þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni í RF.

Vorið kom seint og sumarið enn seinna, mikil umferð hófst þó að venju um miðjan júní og má segja að fljótlega upp frá því hafi þurft að þrifa þrisvar á dag til 10. september. Á þessu tímabili fóru að jafnaði á dag tvær 350 m salernisrúllur, mun meira þurfti einnig af öðrum aðföngum. Talsverð vinna var við að halda fullri þjónustu og eftirliti með wc í sumar.

Ekki fór fram formleg talning af hálfu landvarðar í sumar en löngu er orðið ljóst að aukning gesta í Seltún er í fullu samræmi við aukningu ferðamanna til landsins frá ári til árs.

Gert hafði verið ráð fyrir sjálfboðaliðum á vegum UST en vegna kostnaðarauka við komu þeirra féllu niður áætlanir um komu amk. tveggja hópa um mitt sumar. Í september kom góður hópur á vegum UST og var unnið m.a. í Seltúni og við Krýsuvíkurbæinn.

Dagana 8.-18. júlí fékk landvörður góða hjálp en þá komu Amy og Dave frá UST og leystu af í landvörslu. Þau leystu fjölmörg verkefni á þessum dögum með sóma.

Umgengni í Seltúni var almennt nokkuð góð. Þó má segja að hún hafi verið frábrugðin s.l. sumrum og helgast það af mikilli aukningu ferðamanna á eigin vegum. Bæði skilja þeir eftir mikið rusl og ganga illa um salerni. Skemmdir voru unnar á wc, peningakassarnir fengu engan frið og voru fjarlægðir að lokum. Svæðið býr að mikilli vinnu sem lögð hefur verið í viðhald og endurbætur á göngustígakerfi og öðrum innviðum undanfarin ár. Mikil vætutíð sumarsins hafði talverð áhrif.

Krókamýri

Vatnslögn var tengd 6. júní og wc opnað. Lagfæra þurfti frostsKemmdir á lögnum en að öðru leyti var tjaldsvæðið og aðstaðan í góðu lagi. Fyrstu tjaldgestir voru mættir þann 8. júní. Vegna tíðarfars og þess að ástand á Djúpavatnsleið var afar slæmt mestan part sumars voru tjaldgestir færri en undanfarin ár. Mjög góð umgengni var almennt um svæðið og bar t.d. ekkert á utanvegaakstri. Áberandi var aukning göngufólks er dvaldi á svæðinu í nokkra daga í senn. Að venju var borið á hús og áburður settur á tjaldflöt. Lokað 26. september.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Í skýrslu landvarðar 2011 kom m.a. fram hvernig vinnutilhögun er á svæðinu. Vegakerfið er rúmlega 300 km og staðir er þarfnast eftirlits eru fjölmargir. Síðast liðin ár hefur aðgengi stórbatnað með tilkomu framkvæmda við vegagerð. Suðurstrandarvegur kominn og Krýsuvíkurleið að klárast, vegbætur gerðar á vegi á bjargið og þau undur og stórmerki urðu í sumar að talsverðar vegbætur fóru fram á Djúpavatnsleið. Eins og ávallt er aðgengi batnar eykst umferð fólks um svæði til mikilla muna.

Helstu staðir í RF sem tengjast beint þessu bættu aðgengi verða fyrir miklum ágangi ferðamanna og hlýtur að kalla á einhvers konar deiliskipulag í framtíðinni. Má þar nefna Krýsuvíkurbjarg, Húshólma, Selatanga, Leiðarenda, Kleifarvatn og Krýsuvíkurbæinn og kirkjuna

Eftirtektarverð er sú aukning sem er á svæðinu við Helgafell og Búrfellsgjá og Selgjá. Þar má þó segja um svæðið að innviðir eru góðir og ágangur ekki merkjanlegur.

Utanvegaakstur

Undirritaður hefur nú haft afskipti á svæðinu í rúman áratug með beinum og óbeinum hætti og er orðið nokkuð ljóst að þetta vandmál mun aldrei hverfa með öllu. Einungis verður hægt að reyna að hafa stjórn á vandamálinu, eftirlit er augljós kostur og hefur tilætluð áhrif.

Mikið bar á umferð crossara á hefðbundnum svæðum í vor þ.e.a.s. á Djúpavatnsleið við Norðlingaháls og í Vatnsskarði svo og norðurenda Kleifarvatns. Er kerfisbundið eftirlit hófst dró mjög úr ágangi og mátti furðu sæta. Kom þó fljótt í ljós að vandamálið hafði færst til og var nú komið í Breiðdal og í Slysadali og var ágangur mikill og umtalsverð spjöll unnin.

Ný bylgja er að myndast í utanvegaakstri en það eru ferðaskipuleggjendur sem koma með „self drive“ hópa í RF og voru nokkur afskipti af þeim, m.a fóru mál til UST til eftirfylgni. Að Göngum loknum var eitthvað af eftirlegukindum og bar talsvert á spjöllum af völdum farartækja við eftirleitir.

Umgengni almennt

Eins og gefur að skilja eykst sorp með aukinni umferð fólks um svæðið. Kerfisbundið hefur verið unnið að því að fjarlægja rusl úr RF. Vikulega er farið um svæðið með kerru og er hún undantekningalaust full í hverri ferð. Tvö bílflök voru fjarlægð og svæði þar sem fólk hafði gert sér ferð og losað rusl voru hreinsuð. Tveimur svæðum var lokað með sama hætti og í fyrra þ.e.a.s. með stórgrýti. Í einu af verkefnum s.l. árs var gamla Krýsuvíkurréttin rifin og voru leifarnar fjarlægðar af Hafnafjarðarbæ nú í sumar (3 vörubílar).

Talsvert var tjaldað við Kleifarvatn og í Krýsuvík og þurfti strangt eftirlit. Í ferðum mínum í nóvember varð ég var við menn á rjúpnaveiðum.

Verkefni

Fjölmörg verkefni falla til á hverju sumri sum hver eru fastir liðir eins og Hvítasunnumót skáta í Krýsuvík, Jónsmessumót hestamanna í Krókamýri, Göngur o.s.fr.v.

Kvikmyndatökur og ljósmyndaverkefni eru fjölmörg og ber nú svo við að nær undantekningarlaust er haft samband við landvörð og hafa þessi samskipti gengið vel og frágangur góður.

Skemmtilegast að venju er að taka á móti hópum og aðilum er vinna ýmiskonar verkefni og rannsóknir t.d skráning á útbreiðslu lúpínu í RF með Þorvaldi Erni og félögum og einnig má nefna uppgröft fornminja í kirkjugólfi Krýsuvíkurkirkju. Leiðsögn um svæðið

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

er að aukast og var stærsti hópurinn í sumar um 70 manns í ferð um Selatanga og Katlahraun.

Skilti er banna umferð gangandi fólks utan gönguleiðakerfis í Seltúni voru sett upp og önnur skilti í RF lagfærð. Innkomuskilti er sett var upp gegnt Vatnskarðsnámu í fyrra var fjarlægð af Vegagerð og er nú leitað leiða til endurheimta það.

Örstutt um náttúrufar

Í heimsókn stjórnar RF í byrjun júní var m.a farið á Krýsuvíkurheiði og litast um í fylgd þeirra félaga frá GFF Björns og Kristjáns. Þeir hafa nú í áratug staðið fyrir landbótum í RF og kynntu róttækar hugmyndir um uppgræðslu á heiðinni, athyglisvert að mínu mati ef útfærslan verður rétt framkvæmd. Landgræðslan hefur ekki séð sér fært að sinna þarna uppgræðslu s.l. ár og er það miður en skýring ku vera sú að sveitarfélögin sem komu að verkefninu skáru niður fjárframlög til verkefnisins. Tíminn líður og undirritaður telur brýnt að halda vöku yfir öllum möguleikum sem bjóðast af þessu tagi.

Beit í beitarhólfum var léleg í sumar sem orsakast fyrst og fremst af óhagstæðu tíðarfari í byrjun sumars. Við slíkar aðstæður kom í ljós að mati undirritaðs að beitarálag var fullnýtt og hólfið þoldi ekki meiri ágang þ.e.a.s. fleira fé. Huga þarf að stækkun eða beita ítölu.

Ref og mink fjölgar á svæðinu, óðölum fjölgar og lagt er í fleiri greni. Áberandi er að kjóinn sem einkennir svæðið milli hálsa í Móhálsadal hefur fækkað.

Bjargfugl settist seint í Krýsuvíkurbjarg og er orðið greinilegt að gífurleg fækkun síðustu ára er viðvarandi, hvítfluglinn mætti hins vegar og rita með mesta móti. Frá síðustu viku maí og út júní fóru tugir bíla á bjargið hvern einasta dag í fuglaskoðun.

Framkvæmdir 2014

H.S hóf framkvæmdir við lagningu rafmagns frá Vatnsskarði í Krýsuvík í byrjun desember 2013 og er stefnt að því að ljúka framkvæmdum á næsta ári.

Deiliskipulag í Seltúni og fyrirhugaðar framkvæmdir 2014.

Grindavíkurbær fékk styrk til að bæta aðgengi á Selatöngum.

Vegagerðin lýkur framkvæmdum á Krýsuvíkurvegi 2014. (meðfram Kleifarvatni, Staparnir)

Undirritaður hvetur stjórn RF til þess að kynna sér og koma að undirbúningi að þessum framkvæmdum.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Þakka stjórn RF og Þórólfi Jónssyni fyrir samstarfið sem og öllum þeim er á árar lögðust.

Óskar Sævarsson.

Grindavík.....gsm 6627303



Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík